

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar
b/t Haraldar Líndal Haraldssonar bæjarstjóra
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði



Reykjanesbæ, 27. apríl 2015

Vegna athugasemda Ríkisskattstjóra/fyrirtækjaskrár við stjórnarkjör HS Veitna hf á aðalfundi 18. mars hefur verið ákveðið að boða til hluthafafundar félagsins föstudaginn 8. maí 2015 á Brekkustíg 36, Reykjanesbæ og hefst hann kl. 08.30.

Athugasemdin sem barst frá fyrirtækjaskrá 25. mars var svohljóðandi:

“Í aðalstjórn eru 4 karlmenn og 3 konur en í varastjórn eru einnig 4 karlmenn og 3 konur. Í 1. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 kemur eftirfarandi fram: „[...] hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust.“ Fyrirtækjaskrá hefur litið svo á, að samkvæmt ákvæðinu þyrfti því í tilfalli HS Veitna hf. að hafa 4 konur og 3 karlmenn í varastjórn ef það eiga að vera 7 í varastjórn á annað borð. Þannig eru hlutföll stjórnar og varastjórn í heild sem jöfnust.”

Undirritaður sendi þá eftirfarandi skilaboð á fyrirtækjaskrá:

“Varðandi kynjahlutföll í stjórn og varastjórn þá voru menn í góðri trú þegar kosning fór fram á aðalfundi og er óskað eftir því að þetta fái að standa svona til næsta aðalfundar en þá mun þess verða gætt að fullt samræmi verði samkvæmt álitum fyrirtækjaskrár.”

Svarið frá fyrirtækjaskrá var svohljóðandi:

“Varðandi stjórnina, þá get ég eiginlega ekki skráð ólögsmæta stjórn. Það væri hins vegar annað ef ég fengi úrsögn frá einum varamanni sem væri karlmaður, til þess að uppfyllt væru skilyrði laganna um kynjahlutföll. Þá hefði stjórn verið valin, síðan hefði komið í ljós að hún uppfyllti ekki skilyrði laga um kynjahlutföll og þá hefði verið brugðist við því með úrsögn varamanns til þess að skilyrði laganna væru uppfyllt. Ég gæti skráð slíka tilkynningu en hins vegar þyrfti svo að gæta að því að velja varamann á næsta hluthafafundi.”

Skipun stjórnar í dag er þannig að kynjahlutföll eru í lagi (4 – 4) hjá Reykjanesbæ og hjá HSV eignarhaldsfélagi (2 – 2) en hjá Hafnarfjarðarbæ eru bæði aðalmaður og varamaður karlmenn. Miðað við hugmyndir fyrirtækjaskrár væri væntanlega eðlilegast að varamaður Hafnarfjarðarbæjar segði af sér og til að Hafnarfjarðarbær hefði varamann þá myndi bærinn senda inn framboð fyrir hluthafafundinn þann 8. maí.

Dagskrá fundarins verður þá þannig, samanber 13. gr. samþykktu félagsins:

1. Fundarsetning; Gunnar Þórarinnsson, stjórnarformaður.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
4. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar HS Veitna hf

Júlíus Jónsson, forstjóri